



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 27. mars 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Framkvæmdir 2015

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um fyrirhugaðar fjárfestingar á árinu og samantektarblað þar sem kostnaði við framkvæmdir og fjárfestingar er stillt upp. Einnig lá fyrir fundinum yfirlit úr sjóðstreymi fjárhagsáætlunar þar sem útfærsla kostnaðaráætlunar er borin saman við fjárhagsáætlun ársins. Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði 57,8 milljónir. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og samþykkti þá áætlun sem lá fyrir en óskaði eftir frekari útreikningum sem sveitarstjóra var falið að leggja fyrir sveitarstjórn.

2. Atvinnumál

Fyrir fundinum lágu drög að auglýsingu um styrki úr atvinnuþróunarsjóði Skagastrandar. Mikil umræða varð um atvinnumál og á hvern hátt sé best að styrkja og styðja við frumkvöðlastarf. Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum skv. fyrirbyggjandi drögum.

3. Héraðsfundur-fundarboð

Fyrir fundinum lá fundarboð á héraðsfund sem verði haldinn 14. apríl nk. í Fellsborg. Á dagskrá fundarins er gert ráð fyrir að fjallað verði um sameiginleg verkefni sveitarfélaga í A-Hún sem þau hafa samstarf um í byggðasamlögum eða samkvæmt sérstökum samningum. Rætt var um efni fyrirhugaðs fundar. Fundarboðið var til kynningar.

4. Reglur um ungmennaráð

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um Ungmennaráð Skagastrandar sem sveitarstjórn hyggst koma á og verði ráðgefandi um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi reglur og um skipan ungmennaráðs almennt en vísaði reglum til umsagnar tómsunda- og menningarmálanefndar og síðan til annarrar umræðu í sveitarstjórn.



5. Jafnréttisáætlun sveitarfélagsins

Sveitarstjórn tók fyrir endurnýjun jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins sem samþykkt var 1. október 1998. Fyrir fundinum lá sú áætlun og drög að nýrri áætlun sem jafnframt er áætlun um aðgerðir og ábyrgðasvið þeirra sem fylgja þurfa áætluninni sérstaklega. Einnig lágu fyrir fundinum leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlana sem Jafnréttisstofa gaf út. Sveitarstjórn ræddi jafnréttisáætlunina og gerði nokkrar athugasemdir við fyrirbyggjandi drög en vísaði henni síðan til annarrar umræðu og samþykktar á næsta fundi.

6. Bréf:

a. Menningarfélagsins Spákonuarfs, dags. 25. febrúar 2015

Fyrir fundinum lá erindi Menningarfélagsins Spákonuarfs sem óskar eftir stuðningi til ofankaupa með vísan í samþykktir sveitarfélagsins um kostnaðarþátttöku vegna hitaveituvæðingar.

Adolf lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið, fól varaoddvita fundarstjórn og vék af fundi.

Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti með þremur samhljóða atkvæðum að verða við erindinu á forsendum þess að um væri að ræða sjálfseignastofnun sem hafi ákveðnu samfélagslegu hlutverki að gegna og geti ekki greitt arð til stofnenda. Inga Rós óskaði bókað að hún tæki ekki afstöðu.

b. Skipulagsfulltrúa Sveitafélagsins Skagafjarðar, dags. 25. febrúar 2015

Með erindinu er gefið tækifæri til athugasemds við breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021: Depla í Austur Fljótum: Landbúnaðarsvæði verður verslunar og þjónustusvæði.

Bréfið var til kynningar og sveitarstjórn gerði ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

c. Bæjarmálafélags Skagastrandar, dags. 19. mars 2015

Með bréfinu er kynntur áhugi sem fram hafi komið á fundum Bæjarmálafélagsins um að gönguleiðir verði bættar og komið fyrir bekkjum meðfram þeim. Sérstaklega er hvatt til að bekkjum verði fjölgað við fjölförnustu gönguleiðir. Með bréfinu var tillaga og greinargerð um markvisst skipulag útivistarsvæða í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn ræddi erindið og fól sveitarstjóra að vinna áfram með málið og koma upp tveimur bekkjum við gönguleiðir.

7. Fundargerðir:

a. Tómstunda og menningarmálanefndar, 25.03.2015

Fundargerðin var til kynningar



- b. Skólanefndar FNV, 26.02.2015
Fundargerðin var til kynningar
- c. Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 12.03.2015
Fundargerðin var til kynningar
- d. Stjórnar Róta bs. 16.02.2015
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 13.03.2015
Fundargerðin var til kynningar
- f. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 11.02.2015
Fundargerðin var til kynningar
- g. Stjórnar Samtaka sveitarfél. á köldum sv., 10.03.2015
Fundargerðin var til kynningar
- h. Stjórnar Sambands ísl. sveitarf., 16.02.2015
Fundargerðin var til kynningar
- i. Stjórnar Sambands ísl. sveitarf., 27.02.2015
Fundargerðin var til kynningar

8. Önnur mál

- a) Umræður urðu um ýmis mál samfélagsins.
- b) Inga Rós óskaði bókað að hún væri ósátt við það að hafa ekki fengið að vita af fundi sem aðeins oddviti, varaoddviti, sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar sátu með skólastjórnendum. Þar sem fræðslumál er stærsti málaflokkur sveitarfélagsins finnst mér þetta ekki fagleg eða gagnsæ vinnubrögð. Sveitarstjórnarmenn allir ættu að sitja við sama borð.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson